

Meðferð

Gæðaskjöl LSH tengd við verkþætti Saga 2019.2

Meðferð - Gæðaskjöl


Bætt hefur verið tengingu verkþátta við gæðaskjöl eða leiðbeiningar ef slík skjöl eru til staðar. Þessi virkni er fyrst og fremst útfærð með hliðsjón af gæðahandbók LSH en ekkert er því til fyrirstöðu að tengja verkþætti annars staðar en á LSH, hvort heldur sem sá staður hefur aðgang að skjölum LSH í gegnum einhverjar þjónustur / síður eða ef viðkomandi staður vill tengja við sín eigin skjöl. Eina skilyrðið er að skjöl eða síður séu á vefslóð eða innri skráslóð sem notendur geta nálgast og hafa aðgang að.

Ef verkþættir eiga tengingu við gæðaskjöl (eitt eða fleiri) þá birtist sviftexti yfir verkþættinum í meðferðaryfirliti „Sjá gæðaskjal“ og er þá hægt að hægrismella á þann verkþátt og fá upp valmöguleika í uppsprettivalmyndinni „Gæðaskjal“. Sá valmöguleiki er ekki til staðar nema eitt eða fleiri skjal hafi verið skilgreint í gagnagrunni fyrir viðkomandi verkþátt. Sé hann valinn opnast lítill valgluggi sem birtir upplýsingar um hvaða skjal eða skjöl eru tengd verkþættinum og er þá hægt að velja að opna skjal. Algengast er að það opnast þá í sjálfgefnum vafra á tölvunni sem notandi er á.

Þessi virkni er einnig aðgengileg í skráningarglugga hjúkrunarferla.

Tenging verkþátta við gæðaskjöl er gerð með uppfærslu stoðtöflu í gagnagrunninum en ekkert viðmót er til ennþá fyrir þær stillingar. Leitið aðstoðar hjá þjónustudeild heilbrigðislausna Origo ef áhugi er á að tengja skjöl við verkþætti.

Hér er dæmi um verkþátt sem er með tengt gæðaskjal. Hægrismellt er á verkþáttinn og valið „Gæðaskjal“.




The screenshot shows a software interface with a task list. The task list has columns for 'Hjúkrunarferli', 'fös.', and 'lau.'. The task list is expanded to show a tree view of tasks. The task 'Taka umbúðir af skurðsári skv. gæðaskjali: skurð-139 [23.05.2019]' is selected, and a context menu is open over it. The context menu has the following items:

Skrá	Ctrl+N
Breyta	Ctrl+B
Ljúka verkþætti	Ctrl+D
Eyða	
Framvinda og verkþættir	Ctrl+K
Gæðaskjal	

Ef fleira en eitt gæðaskjal er tengt við verkþáttinn þá getur notandi valið hvaða gæðaskjal hann ætlar að opna og smellir á þann hnapp. Við það opnast gæðaskjalið á vef LSH.

Í dæminu hér fyrir neðan er bara í boði eitt gæðaskjal:



Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir